1211055

# LÖGREGLUSTJÓRINN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
UMFERÐARDEILD

Reykjavík, 31. október 2012

Hafnarfjarðarbær
Helga Stefánsdóttir, forstöðumaður framkvæmdasviðs
Norðurhellu 2
221 Hafnarfjörður

**Efni: Hraðamælingar með ómerktri lögreglubifreið í Hafnarfirði**

Meðfylgjandi eru gögn lögreglu um niðurstöður hraðamælinga í íbúðahverfum Hafnarfjarðar með ómerktri lögreglubifreið búinni hraðamyndavél. Mælingarstaðir voru ákveðnir í samráði við staðarlögreglu og/eða vegna ábendinga frá íbúum eða sveitarfélaginu um hraðakstur.

Mælingar fóru fyrst fram með skipulögðum hætti á þessum og fleiri stöðum árið 2008. Þær hafa verið gerðar árlega síðan í ljósi viðvarandi hás brotahlutfalls, að jafnaði 30% eða hærra, en á sama tíma hafa aðrir staðir dottið út þar sem ástandið var betra.

Lögreglan leggur áherslu á að fram fari mat á því hvort rétt myndi að hækka leyfilegan hámarkshraða á þessum vegarköflum eða, ef aðstæður þykja ekki þess eðlis að hraðahækkun sé réttmæt, að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hraðakstur með hraðahindrun, þrengingu eða öðru slíku.

| Staður | Sveitarfélag | Vaktaðir | | | | | Kærðir | | | | | Brotahlutfall | | | | | Meðalhraði | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
| Hjallabraut 50 km | Hafnarfjörður | 41 | 30 | 54 | 53 | 34 | 14 | 4 | 20 | 21 | 13 | 34% | 13% | 37% | 40% | 38% | 70 | 62 | 67 | 63 | 63 |
| Ásbraut 50 km | Hafnarfjörður | 51 | 42 | 61 | 57 | 45 | 21 | 12 | 20 | 16 | 11 | 41% | 29% | 33% | 28% | 24% | 68 | 67 | 66 | 67 | 66 |
| Hraunbrún 30 km | Hafnarfjörður | 20 | 35 | 27 | 55 | 36 | 11 | 16 | 16 | 32 | 18 | 55% | 46% | 59% | 58% | 50% | 48 | 45 | 44 | 44 | 43 |
| Álfaskeið 30 km | Hafnarfjörður | 91 | 65 | 62 | 78 | 65 | 54 | 29 | 29 | 37 | 32 | 59% | 45% | 47% | 47% | 49% | 46 | 44 | 44 | 45 | 43 |
| Arnarhraun 30 km | Hafnarfjörður | 55 | 56 | 41 | 49 | 34 | 19 | 24 | 14 | 23 | 12 | 35% | 43% | 34% | 47% | 35% | 44 | 44 | 43 | 43 | 43 |
| Hvannavellir 30 km | Hafnarfjörður | 31 | 25 | 37 | 49 | 33 | 16 | 18 | 16 | 17 | 8 | 52% | 72% | 43% | 35% | 24% | 49 | 48 | 48 | 45 | 44 |
| Háholt 30 km | Hafnarfjörður | 24 | 23 | 14 | 17 | 11 | 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 25% | 35% | 36% | 41% | 27% | 45 | 41 | 44 | 45 | 39 |
| Fléttuvellir 30 km | Hafnarfjörður | 17 | 44 | 43 | 29 | 25 | 7 | 20 | 14 | 8 | 9 | 41% | 45% | 33% | 28% | 36% | 43 | 43 | 42 | 43 | 44 |
| Hringbraut Hf 30 km | Hafnarfjörður | 104 | 127 | 119 | 103 | 112 | 54 | 66 | 54 | 43 | 46 | 52% | 52% | 54% | 42% | 41% | 44 | 44 | 45 | 43 | 43 |

Á þessu ári hafa þrettán mælingar verið gerðar á völdum stöðum í Hafnarfirði að ofangreindum götum meðtöldum. Vöktuð ökutæki voru samtals 813. Í 332 tilvikum var ökutækjunum ekið of hratt eða 41% þeirra sem mæld voru.

Virðingarfyllst,

Kristján Ó. Guðnason
Aðstoðaryfirlögreglubj. umfd.

Ragnar Þór Árnason
Varðstjóri umfd.

Hafnarfjarðarbær
Innk: 7.11.2012
Málsnr: 1211055
Bréfal: 577.1

Hverfisgata 115
150 Reykjavík

Sími: 444-1000
Fax: 444-1015